

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 2001

1. júní 2001

1097

Nr. 413

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 308, 5. apríl 2001,  
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2001.**

1. gr.

3. mgr. 9. gr. orðist svo: Ef síld er landað flakaðri skal við útreikning til aflahámarks miða við 50% nýtingu. Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávaraflla.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júní 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

31. maí 2001

Nr. 414

## AUGLÝSING

**um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.**

I. KAFLI

**Flokkun og greining í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga**

1. gr.

*Málaflokkar.*

Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal skipta starfsemi sveitarfélaga þannig:

- Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum,
- stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í a-hluta flokkist þær rekstrareiningar sveitarfélaga sem fjármagn- aðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum, en í b-hluta flokkist þær rekstrareiningar